

Fundargerð

Fimmtudaginn 9. desember 2021 kl. 10:10 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

2. Strandabyggð

Fundur með Strandabyggð en á fundinn mættu Jón Gísli Jónsson oddviti, Guðfinna Lára Hávarðardóttir varaoddviti, Jón Jónsson sveitarstjórnarfulltrúi, Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir frá Ráðrík ráðgjöf. Jafnframt voru með á fundinum fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu Guðni Geir Einarsson skrifstofustjóri og Eiríkur Benónýsson sérfræðingur.

Tilfni fundarins er að í samkomulagi milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Strandabyggðar um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit, þá á EFS að funda með sveitarstjórn á tímabilinu. Aukinheldur þá mun núverandi samkomulag renna út 1. mars nk. og hefur Strandabyggð óskað eftir við ráðherra að framlengja samkomulagið. EFS hefur borist bréf frá ráðuneytinu þar sem óskað er eftir afstöðu nefndarinnar við erindi Strandabyggðar.

Eyrún frá Ráðrík yfirfór fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun 2022. Jafnframt fór hún tillögur til úrbóta og hvaða aðgerðir sveitarfélagið er nú þegar búið að grípa til. Á árinu 2022 á að hækka álagningu útsvars í 14,95% og verður álagning fasteignaskatts hækkuð. Búið er að draga úr launakostnaði og ekki verður ráðinn nýr sveitarstjóri fyrr en eftir sveitarstjórnarkosningar.

Jón Gísli oddviti fór yfir þau viðhaldsverkefni sem sveitarfélagið telur að sé brýnt að fara í sem fyrst, sjá samantekt til nefndarinnar. Búið er að vanrækja viðhald í mörg ár og er komin uppsöfnuð þörf. Það er til að mynda komin mygla í hluta af grunnskólanum sem þarf að laga. Salbjörg fór yfir lánamálin en það er komin heimild til að greiða upp óhagstæð lán með nýjum lánnum frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Ákveðið var eftir fund nefndarinnar með Strandabyggð að rita ráðuneytinu bréf þar sem kemur fram að nefndin mælir með því að samkomulagið við Strandabyggð verði framlengt á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011. Einnig styður nefndin þá ákvörðun sveitarstjórnar að leggja á álög á útsvör til að bæta fjárhagsstöðuna og að álagningarhlutfall útsvars á árinu 2022 verði 14,95%.

3. Útkomuspá 2021

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir útkomuspá sveitarfélaga 2021. Heilt yfir þá tekjurnar hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir en á móti þá eru útgjöld einnig hærri en áætlanir sem stafar helst af hærri launakostnaði. Samt sem áður þá er rekstrarniðurstaðan fyrir sveitarfélögin í heild sinni betri en gert var ráð fyrir. Ákveðið var að fara betur útkomuspána með hliðsjón af endanlegri fjárhagsáætlun 2022 á fundi nefndarinnar í janúar nk.

4. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 20. janúar nk.